



Reykjavík, 24. mars 2020

## Umsögn um 695. mál á 150. löggjafarþingi

Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi hefur borist til umsagnar frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2020 á þingskjali nr. 1172, 659. mál á 150. löggjafarþingi.

Með frumvarpinu er ætlunin að bregðast við þeim sérstöku og fordæmalausu aðstæðum sem nú eru uppi vegna heimsfaraldurs COVID-19. Útbreiðsla veirunnar og ráðstafanir um víða veröld hafa nú þegar haft gríðarlega víðtæk efnahags- og samfélagsleg áhrif. Fyrirséð er að slík áhrif muni aukast á næstu vikum og jafnvel mánuðum.

Lagt er til í frumvarpinu að fjárheimild málaflokks ferðaþjónustu hækki um allt að 3 milljarða króna. Þar af fari 1.500 milljónir króna í samræmt kynningar- og markaðsstarf erlendis á árunum 2020-2021.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu segir að áttakinu verði ýtt úr vör um leið og aðstæður leyfi í því skyni að laða til landsins ferðamenn sem fyrst og draga úr þeim „*búsifjum sem faraldurinn hefur valdið og getur enn valdið íslenskri ferðaþjónustu og efnahagslífi*“. Undir þetta má taka.

Íslenskur sjávarútvegur er við þessar aðstæður sem nú eru uppi að verða fyrir miklum búsifjum sömuleiðis og ekkert þarf að fjölyrða um mikilvægi sjávarútvegs okkar Íslendinga. Þær áherslur sem settar eru fram í þessu frumvarpi um mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir íslenskt efnahags- og atvinnulíf eiga því ekkert síður við um íslenskan sjávarútveg.

Nú þegar COVID-19 faraldurinn tröllríður allri umræðu og lamar þjóðlíf bæði austan hafs og vestan er ljóst að markaður með íslenskar sjávarafurðir fer hratt minnkandi og sums staðar hverfandi. Veitingastaðir, hótél, mötuneyti og fiskborð matvöruverslana loka stórum dráttum um víða veröld, auk þess sem staða birgja og dreifikerfa er víða í óvissu.

Eftirspurn eftir ferskum sjávarafurðum í Evrópu og Bandaríkjunum er því sem næst engin, með tilheyrandi áhrifum á útflutning fisks frá Íslandi. Þá má vænta þess að hægja mun á eftirspurn eftir frystum afurðum auk þess sem verð fari lækkandi þegar fleiri framleiðendur frysti sínar afurðir. Jafnframt getur hvenær sem er komið til þess að fiskvinnslur og útgerðarfyrirtæki þurfi að loka vegna starfsfólks í sóttkví eða samkomubanns stjórnvalda. Það hefði í för með sér meiriháttar hrun í framboði íslensks sjávarfangs við fordæmalausar aðstæður. Samtökin vísa til fylgiskjala með

umsögn þessari til frekari upplýsingar um markaðsaðstæður og umfang viðskipta með íslenskar sjávarafurðir á erlendum mörkuðum.

Samtökin telja að samstarfsverkefni þar sem atvinnulífið og stjórnvöld vinna saman að bættri stöðu íslensks sjávarfangs á erlendum mörkuðum geti skapað mikinn ávinning fyrir þjóðarbúið. Því er nauðsynlegt að styrkja þar stöðu Íslands og ná til baka markaðshlutdeild þegar heimsfaraldurinn verður yfirstaðinn. Þar er til mikils að vinna og nauðsynlegt að ná styrkri fótfestu á hátt borgandi mörkuðum með íslenskar gæðaafurðir í harðri samkeppni við aðra.

Hingað til hefur fjármögnun Íslandsstofu ekki verið með þeim hætti að hægt hafi verið að fara í víðtæka og sameiginlega markaðssetningu á íslensku sjávarfangi til neytenda. Markaðsverkefni á vegum Íslandsstofu fyrir aðrar atvinnugreinar, og þá einkum fyrir ferðaþjónustu og landbúnað, svo sem Inspired by Iceland, Iceland Naturally og Horses of Iceland eru dæmi um verkefni þar sem fjármögnun í markaðssókn er skipt á milli atvinnulífs og stjórnvalda.

Samtökin telja mikilvægt að fjárveiting til Íslandsstofu fari í samstarfsverkefni með sjávarútvegi líkt og á við um aðrar útflutningsgreinar og að slíkt samstarf myndi gefa góðan ávinning fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Þannig geti Íslandsstofa sinnt hlutverki sínu enn betur, sem er að auka útflutningstekjur og hagvöxt með því að markaðssetja íslenskar vörur og þjónustu erlendis.

Það er jákvætt að Íslandsstofa fari í sókn í kynningu á Íslandi sem áfangastað í kjölfar heimsfaraldurs eins og hér er lagt til með þessu frumvarpi. Til viðbótar má bæta að það eru mikil samlegðaráhrif í því að markaðssetja landið sem ferðamannastað og að markaðssetja íslenskar vörur. Því myndi markaðsátak um íslensk sjávarfang á svipuðum grundvelli hvað markaðssetningu varðar hafa góð samlegðaráhrif og með samsvarandi hætti hafa jákvæð áhrif á ferðaþjónustuna.

Samtökin telja því rökrétt í þessu samhengi að Íslandstofa fái úthlutað fjármagn til að fara í sókn í markaðssetningu sjávarafurða erlendis í kjölfar heimsfaraldursins sem nú ríður yfir. Það framlag mun einnig hjálpa til við að kynna landið fyrir erlendum ferðamönnum. Þess skal síðan getið að helstu markaðir fyrir bæði ferðaþjónustu og íslenskar sjávarafurðir eru hinir sömu. Áhrifin af fjárfestingu í markaðssetningu verða því víðtæk.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi



#### **Fylgiskjöl:**

1. Minnisblað SFS um ferskfiskmarkaði í ESB og á Bretlandi, dags. 18. mars 2020
2. Minnisblað SFS vegna ferðabanns bandarískra yfirvalda í tengslum við COVID-19, dags. 12. mars 2020